

## 6. Frumvarp

til laga um breytingu á almennum viðskiftalögum nr. 31, 11. júlí 1911.

(Lagt fyrir Alþingi 1922).

1. gr.

A eftir orðunum: »annað er um samið« í 1. gr. laganna, komi: berum orðum.

2. gr.

2. l. 2. gr. laganna orðist þannig:

Akvæði laga þessara um kaup gilda einnig, eftir því sem við á, um skifti.

3. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Þegar í lögum þessum er talað um kaup á hlutum, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð hluta af tilgreindri tegund, heldur og við kaup á tiltekinni mergð, þyngd eða stærð úr ákveðnum hóp eða magni hluta.

4. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Þá er talað er í lögum þessum um verslunarkaup, er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í verslunarrekstri þeirra eða í þágu hans.

Kaupmaður er í lögum þessum hver sá talinn, sem rekur það starf, að selja vörur, sem hann hefir í því skyni keypt, er rekur vixlarastarf eða bankastarf, váttryggingarstarf, umboðsverslun eða forlagsverslun, lyfsölu, veitingar, handiðn, verksmiðjuíðnað eða námugróft, mannvirkjagerð eða flutning fólks, muna eða orðsendinga. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, er rekur veitingar, handiðn eða flutninga, svo framarlega sem eigi vinna aðrir að

því starfi með honum en konan með manni sínum, maðurinn með konu sinni, börn hans innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

5. gr.

Í stað orðanna: »í kaupmannaviðskiftum« í 6. gr. laganna komi: í verslunarkaupum.

6. gr.

Í stað orðsins: »farmflytjanda« í 10. gr. laganna komi: flutningsmanns.

7. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi og á seljandi að sjá um sendingu selds hlutar til kaupanda, og skal þá hlutnum eigi talið skilað fyr en hann er kominn í vörslur kaupanda.

8. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Ef ekkert hefir verið ákveðið um það, hvenær kaupverð skuli greitt eða seldum hlut skilað, og atvik liggja eigi svo til, að af þeim megi ráða, að þetta skuli gera svo fljótt sem unt er, skal líta svo á, að kaupverð beri að greiða og hlut að afhenda, hvenær sem krafist er.

9. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Nú er um verslunarkaup að tefla og er við sendingu hlutarins, frá afhendingarstað til ákvörðunarstaðar, notað farmskirteini eða farmbrjef, er svo er lagað, að seljandi missir umráð yfir hlutnum þá er farmskirteinið eða farmbrjefið er afhent kaupanda, og skal þá kaupverðið greitt um leið og farmskirteinið eða farmbrjefið er afhent samkvæmt reglum þeim, er settar eru í 71. gr. hjer á eftir.

10. gr.

Í stað orðanna: »Í kaupmanna-viðskiftum« í 3. l. 21. gr. laganna komi: í verslunarkaupum.

11. gr.

25. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefir kaup verið rift og svara ber skaðabótum samkvæmt 23. eða 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því, sem verð hluta af sömu tegund og gæðum sem hinir seldu hlutir er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sje, að meira tjón eða minna hafi af hlotist.

12. gr.

Á eftir orðunum: »Sama er og« í 26. gr. laganna komi: í verslunarkaupum.

13. gr.

27. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefir seldur hlutur verið afhentur eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vis þá er hluturinn kemur honum í hendur, eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að hluturinn hefir verið afhentur síðar en um var samið, og verður hann þá að skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um verslunarkaup er að tefla, en ella án óþarfrar tafar, að hann ætli sjer að neyta rjettar sins út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rjett sinn til að bera fyrir sig dráttinn. Ætli kaupandi sjer að neyta rjettar sins til að rifta kaupid, þá verður hann að skýra seljanda frá því án óþarfrar tafar, ella missir hann þann rjett sinn.

14. gr.

Í stað orðanna: »Í kaupmanna-viðskiftum« í 1. l. 28. gr. laganna komi: Í verslunarkaupum.

15. gr.

30. gr. laganna orðist þannig:

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 28. eða 29. gr., og á hann þá rjett til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo meta, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð hins selda á þeim tíma er drátturinn varð, nema sannað verði, að seljandi hafi meira tjón eða minna af hlotið.

16. gr.

31. gr. laganna orðist þannig:

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að eindagi sje liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá liða að gera slika ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en hinn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn frá kaupanda um þetta. Sje um verslunarkaup að ræða skal seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, tilkynna honum það innan hæfilegs tíma, enda þótt kaupandi hafi enga fyrirspurn gert um það.

17. gr.

Í stað orðanna: »kaupmanna-viðskifti« í 32. gr. laganna komi: verslunarkaup.

18. gr.

Orðin: »löggiltur brakún . . . fyrir þá vöru eða« í 34. gr. laganna falli burtu.

19. gr.

Orðin: »Sje eigi audið . . . best verður« í niðurlagi 35. gr. laganna falli burtu.

20. gr.

1. og 2. l. 38. gr. laganna orðist þannig:

Ef tiltekinn eindagi er ákveðinn á greiðslu kaupverðs í verslunarkaupum og kaupverðið eigi greitt á rjettum tíma, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá þeim tíma. Hafi tiltekinn eindagi á greiðslu kaupverðs eigi verið ákveðinn, þá á kaupandi að svara þessum vöxtum frá þeim degi er afhending fór fram, eða hafi kaupandi verið þess valdur að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi er sá dráttur hófst.

Í öðrum kaupum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá eindaga þess, hvort sem tiltekinn eindagi er ákveðinn eða eigi. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverðið var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá viðtöku reikningsins, án þess frekari kröfu þurfi um að gera.

21. gr.

Í stað orðanna: »kaupmanna-viðskifti« í 51. gr. og 1. l. 52. gr. laganna komi: verslunarkaup.

22. gr.

Í stað orðanna: »langan tíma« í 54. gr. laganna komi: lengri tíma.

23. gr.

Í stað »hleðsluskirteinis« í 2. lið 56. gr. laganna komi: farmskirteinis.

24. gr.

1. og 2. l. 62. gr. laganna orðist þannig:

Ef varningur er seldur »fritt á skipsfjöl« (fob.) á tilteknum stað, verður kaupandi að útvega skip eða rúm í skipi til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, er farmsendanda er skylt að gera, eftir því sem lög áskilja á þeim stað eða venja er til.

Í stað »hleðsluskirteinis« í 6. l. gr. komi: farmskirteinis.

25. gr.

Í stað »farmflytjanda« í 2. l. 63. gr. laganna komi: flutningsmanni.

Í stað »hleðsluskirteinis« í 4. l. gr. komi: farmskirteinis.

Í stað orðanna: »til kaupanda« í 5. l. gr. komi: til viðtökustadarins.

26. gr.

Á eftir orðunum: »næsta virkan dag« í 2. l. 68. gr. laganna komi: á eftir.

27. gr.

Í stað orðanna: »á þeim tíma« í 1. l. 69. gr. laganna komi: áður en sá frestur er liðinn.

Orðið: »hleðsluskirteini« í 2. l. gr. verði: farmskirteini.

28. gr.

Orðið: »hleðsluskirteini« (hleðsluskirteinis) í 1. og 2. l. 71. gr. verði: farmskirteini (farmskirteinis).

Í stað: »hleðsluskirteinis« í 3. l. gr. komi: farmbrjefs.

29. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 31, 11. júlí 1911, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um lausafjárkaup.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta úr göllum þeim, er reynst hafa vera á almennum viðskiftalögum nr. 31, 11. júlí 1911. Þau lög voru sniðin eftir dönskum lögum um lausafjárkaup 6. apríl 1906, en dönsku lögin eru aftur í öllum aðalatritum samhljóða sænskum lögnm 20. júní 1905 og norskum lögum 24. maí 1907, enda frumvörp allra þessara laga gerð í sameiningu af nefndum, er þessar þrjár þjóðir höfðu skipað. Hafa þessi norrænu lög hlotið alment lof, enda mjög til þeirra vandað. Á isl. lögunum urðu hinsvegar ýms missmíði. Ætlast var til að þau væru nákvæm þýðing á dönsku lögunum, að eins vikið frá þeim í nokkrum aukaatriðum. En þýðingin varð hvorki nákvæm nje rjett. Er því tölverður efnismunur á l. 1911 og dönsku lögunum, þó ekki væri til þess ætlast, og það sem lakara er, vegna þessarar óvönduðu þýðingar hafa sum ákvæði l. 1911 orðið fjarri öllum sanni. Í annan stað var ekki við setningu laganna tekið nógu mikið tillit til isl. rjettar eða þess, hvernig viðskiftalífinu hagar hjer á landi. Bæði höfðu þýðendurnir bundið sig um of við dönsku lögin. Eru því þaðan komin ýms ákvæði í l. 1911, sem miðast eingöngu við danskt rjettarástand, en eiga ekki við hjer á landi, og eru jafnvel ekki í sænsku eða norsku lögunum. Í annan stað er efamál, hversu vel sum ákvæði norrænu laganna eiga við hjer á landi, sjerstaklega má þar til nefna ákvæðin um tilkynningar. Úr þessum göllum er reynt að bæta í frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Lögin eru skýringarlög. Þau koma því ekki til greina þar sem um annað er samið. Aðilar geta fyrst og fremst berum orðum ákveðið, að vikið skuli frá reglum laganna. En þó að ekkert sje berum orðum um það samið, geta atvikin við samningsgerðina sýnt það, að tilætlun þeirra hafi verið að vika frá þessum reglum. Norrænu lögin gera rjettilega mun á þessu tvennu: að um afbrigðin sje samið berum orðum og að þau sjeu fólgin í samningnum. Í 1. gr. l. 1911 kemur þessi munur ekki skýrt fram. Þar er talað um, að annað sje umsamið eða verði álitid fólgið í samningi og er þar í raun rjetttri um óparfa endurtekningu að ræða, því að það, sem fólgið er í samningi, er um samið.

#### Um 2. gr.

Kaup og skifti eru tvær sjálfstæðar tegundir samninga. Sömu reglur geta því ekki að öllu gilt um þá báða. Hinsvegar eru þeir svo áþekkir, að margar reglur geta gilt um báða sameiginlega. Norrænu lögin segja því, að ákvæðin um kaup skuli einnig gilda um skifti eftir því, sem við á. Í l. 1911 hefir þetta ákvæði orðið þannig, að alt sem ákveðið sje um kaup i lögunum, skuli einnig eiga við um vöruskifti. Þetta ákvæði er fjarri öllu lagi. Nægir þar að benda til þess, að t. d. 28.—33. gr. og 38. gr. laganna geta að engu átt við um skifti. Orðið »vöruskifti« er líka óheppilegt orð í þessu sambandi. Það bendir til þess, að ákvæðið eigi að eins að gilda um skifti á verslunarvarningi.

#### Um 3. gr.

Reglurnar um kaup hljóta að vera mismunandi eftir því, hvort hið selda er einstaklega ákveðið eða ákveðið eftir tegund (tegundarkaup). En milli þessara flokka er millistig, svonefnd hálftegundarkaup, þar sem hið selda að sumu er ákveðið einstaklega en að sumu eftir tegund. Norrænu lögin ákveða, að ákvæðin um tegundarkaup skuli einnig gilda um þessi hálftegundarkaup, og er það eðlilegasta úrlausnin. Í 3. gr. l. 1911 hefir ákvæðið aflagast svo, að það gefur enga úrlausn á því, hvernig um hálftegundarkaup fari, en segir hinsvegar, að um mörg alveg einstaklega ákveðin kaup (kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru) skuli fara eftir reglunum um tegundarkaup og er það ákvæði fjarri öllum sanni.

#### Um 4. gr.

Breytingar þær, sem hún hefir að geyma, eru þessar.

Orðið verslunarkaup er sett í stað orðanna kaupmanna-viðskifti. Viðskifti nær yfir margt fleira en kaup, en þessar sjerreglur eiga að eins við um kaup milli kaupmanna, og orðin kaupmanna-viðskifti eru því villandi í þessu sambandi.

Sjerregiurnar um verslunarkaup miðast við það, að kaupskapurinn sje rekinn í stærri stíl. Þegar svo er má bæði búist við meiri verslunarþekkingu hjá aðilum og eins er þar meiri þörf en ella á að viðskiftin gangi fljótt og greiðlega og að samningar sjeu efndir nákvæmlega. Við þetta miðast sjerreglurnar, en hitt skiftir þar ekki máli, hvort kaupin eru rekin sem atvinna, þ. e. í ágóðaskyni eða eigi. Verslunarfyrirtæki ríkis eða bæjarfélags ættu t. d. að njóta góðs af reglunum um verslunarkaup og falla undir þær. Því er það, að norrænu lögin nota hjer orðið Bedrift en ekki orðið Erhverv. Samkvæmt þessu er hjer orðið starf sett í stað orðsins atvinna í l. 1911 og orðalagi gr. breytt í samræmi við það.

Úr 4. gr. l. 1911 eru feld niður orðin »eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabryf til eða annað sjerstakt leyfi«. Í l. 1911 er þetta tekið úr dönsku lögunum, en á ekki við hjer, því að hjer á landi fer það, hvort borgarabryf þarf til verslunar, eftir öðru en stærð verslunarinnar.

Námugrefti er hjer bætt við, þar sem upp er talið, hvað sje kaupmenska samkvæmt lögum þessum, og er það tekið eftir norsku lögunum.

#### Um 5. gr.

Sjá aths. um 4. gr.

Um 6. gr.

»Farmflytjandi« í 10. gr. l. 1911 bendir til þess að ákvæðið eigi að eins að gilda um flutninga með skipum. En rjettast er að reglan taki til allra flutninga.

Um 7. gr.

Í norrænu lögnum er undantekningarregla 11. gr. einskorðuð við það, að seljandi eigi að sjá um sendingu hins selda til kaupanda. Í þýðingunni hefir greinin aflagast svo, að þessarar takmörkunar er að engu getið í l. 1911. Við það varð reglan viðtækari en ástæða er til.

Um 8. gr.

Breytingin aðallega fólgin í því, að í stað orðanna, »hið allra bráðasta« í 12. gr. l. 1911 koma hjer orðin: »svo fljótt sem unt er«. Felst í þessu nokkur efnismismunur og eru l. 1911 þar fjær norrænu lögnum.

Um 9. gr.

Í 16. gr. l. 1911 er notað orðið »hleðsluskirteini« yfir skjal það, sem annars er nefnt farmskirteini í isl. lögum (konossement). Er því breytt hjer. Auk þess er gr. að því leyti til hjer færð í samræmi við norrænu lögin, að ákvæði hennar komi einnig til greina, þar sem ekki er notað farmskirsteini við sendinguna heldur annað farmbrjef, er líkum reglum hlítir. Í l. 1911 er reglan hinsvegar einskorðuð við farmskirteini.

Um 10. gr.

Sjá aths. um 4. gr.

Um 11. gr.

25. gr. l. 1911 heimilar kaupanda jafnan að krefja seljanda um bætur, er nemi mismuninum á því, hve verð hins selda er hærra er afhending átti að fara fram en kaupverðinu nemur. Og geti kaupandi sannað, að hann hafi hlotið meira tjón en verðmuninum nemur, getur hann krafist bóta fyrir það. Hins vegar kemur það seljanda eigi að haldi samkvæmt 25. gr. þó hann geti fært sönnur á, að tjón kaupanda sje minna en verðmuninum nemur, hann verður alt að einu að greiða verðmuninn að fullu. Er það næsta ósanngjörn regla og stafar hún af því, að orðin »anden Skade« í 25. gr. dönsku laganna eru rangt þýdd í l. 1911 »annað meira tjón«. Er þetta leiðrjett hjer. Síðari hluti 25. gr. l. 1911 er feldur hjer niður. Þau ákvæði eiga ekki við hjer á landi þar sem engir löggiltir brakúnar eru, enda eru þau hvorki í norsku nje sænsku lögnum' en í þeim löndum eru ekki heldur löggiltir brakúnar.

Um 12. gr.

Það hefir þótt vera nokkuð efamál, hversu vel tilkynningareglur norrænu laganna um kaup ættu við hjer á landi. Þó virðist ekki ástæða til að breyta l. 1911 mikið að þessu leyti, í öllu falli ekki að því, er tekur til verslunarkaupa. Þar er heppilegt að reglur vorra laga sjeu sem svipaðastar því, er gildir með nágrannþjóðunum. Um önnur kaup gæti frekar komið til greina að lina eitthvað

ákvæðin um tilkynningar. Er það gert í þessari grein. Er hjer gerð sú breyting á l. 1911, að kaupandi þarf ekki, í öðrum kaupum en verslunarkaupum, að tilkynna seljanda, að hann vilji fá hlutinn afhentan, nema seljandi hafi gert fyrirspurn um það. Hlutturinn er ekki afhentur og seljandi á sök á því, og er honum þá jafnan hægt um vik að spyrjast fyrir um það hjá kaupanda, hvort kaupið eigi að haldast.

Um 13. gr.

27. gr. l. 1911 hefir aflagast í þýðingunni, svo að hún gildir að eins um verslunarkaup, sem er óeðlileg og órjettmæt takmörkun, samanborið við tilkynningarreglur laganna aðrar. Er þetta leiðrjett hjer og jafnframt gerðar nokkrar breytingar á orðalagi gr., er til bóta þóttu.

Um 14. gr.

Sjá aths. um 4. gr.

Um 15. gr.

Sjá aths. um 11. gr.

Um 16. gr.

Sjá aths. um 12. gr.

Um 17. gr.

Sjá aths. um 4. gr.

Um 18. og 19. gr.

Sjá aths. um 11. gr.

Um 20. gr.

Breytingin miðar að því að koma á nánara samræmi við norrænu lögin. 1. l. 38. gr. l. 1911 hefir reglur um tvö tilfelli, að gjalddagi (þ. e. eindagi) sje ákveðinn og að hann sje það ekki. En eindagi getur verið ákveðinn, þótt honum sje ekki ákveðinn dagur, t. d. kaupverð á að greiðast á haustkauptið. Það tilvik fellur undir hvoruga regluna í 1. l. 38. gr., eins og hún nú er orðuð.

Um 21. gr.

Sjá aths. um 4. gr.

Um 22. gr.

»Langan tíma« er röng þýðing á »længere Tid« i dönsku lögunum. Reglan á að gilda jafnan er seljandi hefir skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn lengri tíma en fyrningarfresturinn er samkvæmt gr. þ. e. lengri tíma en 1 ár.

Um 23. gr.

Sjá aths. um 9. gr.